



# Ársskýrsla 2021

## Listasafns Reykjanesbæjar





Listasafn Reykjanesbæjar  
Ársskýrsla 2021

© Listasafn Reykjanesbæjar  
Ljósmyndir Vigfús Birgisson  
Texti Helga Þórsdóttir  
Lestur Helga Arnbjörg Pálsdóttir

## EFNISYFIRLIT

1 FORSAGA OG HLUTVERK . . . . .	4
2. HELSTU VERKEFNI LISTASAFNS REYKJANESBÆJAR ÁRIÐ 2021. . . . .	6
3. MANNAUÐUR. . . . .	6
4. SAFNEIGN . . . . .	6
4.2 SAFNAUKI, SKRÁNINGAR OG RANNSÓKNIR 2021 . . . . .	8
4.3 SKÁNINGAR 2021. . . . .	14
4.3 HEIMILDAÖFLUN . . . . .	16
4.4 ÚTGEFNAR RANNSÓKNIR 2021 LISTASAFNS REYKJANESBÆJAR . . . . .	16
5. SÝNINGASKRÁR LISTASAFNS REYKJANESBÆJAR 2021. . . . .	16
6. SÝNINGAHALD . . . . .	16
6.1 SÝNINGAR Sýningahald . . . . .	16
7. VIÐBURÐIR OG LEIÐSAGNIR . . . . .	19
8. SAMSTARF LISTASAFNS REYKJANESBÆJAR Á ÁRINU 2021 . . . . .	19
9. RAFRÆN DAGSKRÁ Á SAMFÉLAGSMIÐLUM . . . . .	20
10. HÚSNÆÐI, OPNUNARTÍMI, STARFSFÓLK OG GESTAFJÖLDI. . . . .	20
11. REKSTRARUPPGJÖR OG STYRKIR ÁRIÐ 2020 . . . . .	21
11.1 Styrkir . . . . .	21
11. LOKAORÐ . . . . .	26

## 1 FORSAGA OG HLOTVERK

Listasafn Reykjanesbæjar varð 18 ára árið 2021. Safnið hóf formlega starfsemi í apríl 2003 þegar opnaður var góður sýningarsalur í Duus Safnahúsum sérstaklega ætlaður Listasafninu. Þá var líka unnin stofnskrá, starfsfólk ráðið og safnið fékk sjálfstæðan fjárhag. Listasafn Reykjanesbæjar var þar með orðin sjálfstæð stofnun í bæjarfélaginu og eitt af þremur söfnum bæjarins, en hin söfnin eru Bókasafn Reykjanesbæjar og Byggðasafn Reykjanesbæjar.

Listasafn Reykjanesbæjar hafði þó verið til sem hugmynd, allt frá sameiningu sveitarfélaganna Njarðvíkur, Hafnahrepps og Keflavíkur árið 1994. Á þeim tíma var þó varla hægt að tala um eiginlegt listasafn heldur aðeins utanumhald á listaverkæign bæjarins. Listasafn Reykjanesbæjar er eina listasafnið á Suðurnesjum og skipar því stórt hlutverk í menningarlífi svæðisins. Megin hlutverk Listasafnsins er að standa fyrir öflugum framsæknum sýningarstarfi sem dregur fólk frá nágrennsveitafélögum til Reykjanesbæjar, varðveita listaverk Reykjanesbæjar, safna nýjum verkum samkvæmt söfnunarstefnu, skrá verkin og rannsaka sögu þeirra, að miðla þekkingu um safnkostinn til heimamanna og annarra eftir bestu getu.

Stofnskrá var samþykkt í menningarráði Reykjanesbæjar 14. september 2010 og var svo endurskoðuð í nóvember 2013. Listasafn Reykjanesbæjar sótti um formlega gildingu til menntamálaráðuneytisins í nóvember 2013 samkvæmt nýjum safnalögum og hlaut gildingu í febrúar 2014. Listasafn Reykjanesbæjar vinnur því samkvæmt safnalögum og sinnir þeim verkefnum sem slíkri stofnun er ætlað.

Valgerður Guðmundsdóttir, var safnstjóri til ársins 2019 og árið eftir 2020 var ráðinn nýr safnstjóri, Helga Þórsdóttir, sem er með skrifstofu í Ramma á sama stað og safnageymslur Listasafns Reykjanesbæjar eru staðsettar.

Helga Þórsdóttir, safnstjóri hefur unnið drög að nýrri stefnumótun fyrir safnið á árinu 2021.

Í nýjum drögum að stefnumótun segir um hlutverk Listasafns Reykjanesbæjar: Listasafn Reykjanesbæjar þjónar íbúum Reykjanesbæjar, gestum bæjarfélagsins og börnum sérstaklega með því setja á svið sýningar sem eru í samtali við samfélag og náttúru á hverjum tíma fyrir sig. Safnið leitast við að skýra, mennta almenning í að opna hugann og njóta frjórrar hugmyndafræði sjónlista, sem skilar sér í auknum skilningi á manneskjunni sjálfri.

Listasafn Reykjanesbæjar á að hafa leiðandi menntahlutverk í bæjarfélaginu með fræðslu og ráðgjöf bæði til ungmenna sem og eldra fólks sem ekki hefur fengið tækifæri til að kynnast hugmyndaheimi lista.

Listasafn Reykjanesbæjar styður bæjarfélagið til að uppfylla loforðið, að vera í krafti fjölbreytileikans og styðja við öll börn. Við stuðlum að réttlátu samfélagi með jöfnu aðgengi fyrir alla inn á listasafn. Listasafn Reykjanesbæjar eflir virðisþöfnun bæjarfélagsins með því að vera vettvangur andlegs þroska og farvegur breytinga sem endurspeglar núverandi íbúadreifingu Reykjanesbæjar. Að bæjarfélagið hafi pláss í sjálfsmyndinni til að hlúa að fjölbreyttum einstaklingum sem velja að búa í Reykjanesbæ. Að allir gestir safnsins geti fundið pláss fyrir eigin hugveru á Listasafni Reykjanesbæjar og þá sérlega börn sem hjálpar manneskjunni á vegferð lífsins til andlegs heilbrigðis.

Það er pláss fyrir alla hjá Listasafni Reykjanesbæjar. Safnið styður við sjálfsmynd og fjölbreytileika svæðisins. Listasafn Reykjanesbæjar er þáttur í að varpa fram fagaðri og kraftmikilli mynd af Reykjanesbæ. Tilvist listasafns gefur bæjarfélaginu tækifæri til að laða til sín mun fjölbreyttari hóp gesta og íbúa.



## 2. HELSTU VERKEFNI LISTASAFNS REYKJANESBÆJAR ÁRIÐ 2021.

Listasafn Reykjanesbæjar, hafði 9 sýningar á dagskrá árið 2021, en í reynd setti safnið upp 12 sýningar árið 2021. Það er því óhætt að halda því fram að safnið hafi sett verulegan eldmóð í sýningarhaldið á síðasta ári.

Listasafn Reykjanesbæjar, starfaði samkvæmt áætlun með vinnustofum fyrir börn. Árið 2021 var haldin vinnustofa fyrir öll leikskólabörn í Reykjanesbæ, listamaðurinn Þór Sigurþórsson, setti upp um 30 vinnustofur fyrir allt leikskólastigið í Reykjanesbæ.

Listasafn Reykjanesbæjar, hefur skapað sér þá sérstöðu meðal listasafna á tímum Kórónu 19 vírusa, að taka viðtöl við alla listamenn og sýningarstjóra sem taka þátt í uppsetningum safnsins. Þá hefur nálgunin skapað ný vinnubrögð hjá safninu og skapað mikla athygli á starfsemi Listasafns Reykjanesbæjar.

Listasafn Reykjanesbæjar gaf út 52 myndbönd árið 2021. Rafræn dagskrá safnsins þjónar sem fræðslumiðlun, skemmtun og auglýsing á starfsemi Listasafns Reykjanesbæjar.

Tekin voru upp skýringarmyndbönd af 2 sýningum safnsins sem hugsuð eru sem fræðsla fyrir almenning um samtímamyndlist.

Listasafn Reykjanesbæjar telur að verkefni safnsins árið 2021 sýna að við höfum eldmóð, erum framsækin og sýnum virðingu.

Við þjónum jafnrétti til að neyta lista, sem er hreint lýðheilsuþáttur. Við hjálpum samfélaginu að vera menningarlega sjálfbært og sinnum fræðslu á okkar sviði. Við stuðlum að nýsköpun og uppbyggingu í samstarfi við aðrar einingar Reykjanesbæjar, eins og t.d. ferðamál. Listasafn Reykjanesbæjar er partur af atvinnulífi bæjarfélagsins og gerir sitt ytrasta til að fá styrki sem geta hjálpað safninu að ráða til sín hæfa skapandi einstaklinga.

Safnstjóri Listasafns Reykjanesbæjar hefur unnið að nýrri stefnumótun á árinu 2021 fyrir Listasafn Reykjanesbæjar, sem eftir á að leggja fram til samþykktar.

## 3. MANNAUÐUR

Listasafn Reykjanesbæjar, hafði formlega 1 stöðugildi á árinu 2021. Sem er starf safnstjóra í 100% starfi. Það segir þó ekki alla söguna, þar sem Helga Arnbjörg Pálsdóttir listfræðingur starfaði sem sérfræðingur allt árið 2021 á Listasafni Reykjanesbæjar, með aðstoð atvinnuáttaksins hefjum störf. Í desember 2021 var staða sérfræðings auglýst hjá Listasafni Reykjanesbæjar, Helga Arnbjörg Pálsdóttir, var í framhaldi

ráðin í fasta 100% stöðu sérfræðings hjá safninu.

Listasafn Reykjanesbæjar, vinnur með hópi verkataka vegna sýningarhalds. Safnið vinnur með; smiðum, málurum, ljósaönnuðum, grafískum hönnuði og ljósmyndara vegna upp færslu og innsetningar sýninga. Einnig vinnur safnið með tæknumanni að rafrænni dagskrá safnsins.

Iðunn Jónsdóttir er nýr fræðslufulltrúi Duus Safnhúsa og nýtur Listasafn Reykjanesbæjar hennar starfskrafta í samvinnu við Byggðasafn Reykjanesbæjar og hennar yfirmann sem er menningarfulltrúi Reykjanesbæjar.

## 4. SAFNEIGN

Safnið á verk úr öllum helstu flokkum myndlistar, bæði inni og útiverk og er safneignin mjög fjölbreytt. Virk og markviss söfnun, þ.e. söfnun eftir söfnunarstefnu hefur verið viðhöfð frá og með árinu 2004 og ávallt verið tekið mið af því fjármagni sem hverju sinni er úthlutað til listaverkakaupa. Á árinu 2021 voru 2 myndlistaverk keypt í safneign Listasafns Reykjanesbæjar. Hafa ber í huga að söfnun samkvæmt innkaupastefnu er eitt af lögbundnu hlutverkum viðurkenndra safna, þannig verða eigendur safnsins að hugsa til þessar þáttar í safnastarfinu á komandi árum.



#### 4.1 SÖFNUNARSTEFNA

##### Söfnunarstefnan sem unnið er eftir var endurskoðuð og samþykkt í nóvember 2010. Söfnunarstefna

##### Listasafns Reykjanesbæjar frá árinu 2010:

1. Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af verkum eftir listamenn Suðurnesja frá öllum tímum. 2. Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af samtímalist á landinu öllu. 3. Safnið skal hvetja unga listamenn af Suðurnesjum til dáða með kaupum á verkum þeirra eins og hægt er miðað við fjárframlög hverju sinni. 4. Stefnt skal sérstaklega að söfnun verka eftir börn og unglunga úr Reykjanesbæ og ætlinin að koma upp góðu yfirliti yfir listiðkun þeirra. 5. Forstöðumaður tekur ákvarðanir um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf undirritað af gefanda. 6. Listasafn Reykjanesbæjar sér um innkaup listaverka fyrir hönd bæjarins miðað við fjárframlög hverju sinni. 7. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1985 með áorðnum breytingum.

##### Breytingatillaga safnstjóra samkvæmt nýrri stefnumótun Listasafns Reykjanesbæjar, sem enn hefur ekki verið lögð fyrir Menningar og Atvinnuráð, en unnið á árinu 2021.

Núverandi söfnunarstefna er unnið árið 2010, þannig er löngu tímabært að endurskoða stefnuna. Safnstjóri listasafnsins hefur unnið að nýrri söfnunarstefnu og grísjun árið 2021 sem lögð verður fyrir á árinu 2022. Ný söfnunar-

stefna byggir á þeirri hugmyndafræði að safnið varðveiti einungis myndlistaverk eftir viðurkennda listamenn. Með viðurkenndum listamönnum er átt við þá listamenn sem gert hafa myndlistarsköpun að lífstarfi sínu og sýna með reglulegum hætti á viðurkenndum sýningarstöðum. Með þeirri breytingu færast safnið nær öðrum viðurkenndum listasöfnum á Íslandi sem og annarstaðar í heiminum. Tillaga að nýrri stefnu er eftirfarandi:

1. Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af verkum eftir viðurkennda listamenn
2. sem eiga sögu og rætur á Suðurnesjum frá öllum tímum.
3. Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af samtímalist á landinu
4. öllu.
5. Safnið skal hvetja listamenn, sem starfa að list í samhengi og samtali við listfræðilegan veruleika og teljast viðurkenndir listamenn í Reykjanesbæ, til dáða með kaupum á verkum þeirra eins og hægt er miðað við fjárframlög hverju sinni.
6. Vanda skal sérstaklega heimildir, eins og ljósmyndir og myndbönd, um skapandi vinnu eftir börn og unglunga úr Reykjanesbæ.
7. Forstöðumaður tekur ákvarðanir um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort
8. taka eigi við þeim. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal
9. fylgja gjafabréf undirritað af gefanda.
10. Listasafn Reykjanesbæjar sér um innkaup listaverka fyrir hönd bæjarins miðað við
11. fjárframlög hverju sinni.
12. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til

skatts, sbr. ákvæði laga um

13. tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1985 með áorðnum breytingum.

#### 4.2 SAFNAUKI, SKRÁNINGAR OG RANNSÓKNIR 2021

Listasafn Reykjanesbæjar tók við tveimur myndverkagjöfum á árinu 2021, eftir tvo vel metna myndlistarmenn. Verkin sem safnið tók við eru eftir Gunnhildi Þórðardóttur (f. 1979) og Igor Antic (f. 1962). Listasafnið keypti einnig tvö verk í kjölfar sýningarinnar á og í ; eitt verk eftir Björk Guðnadóttur (f. 1969) og annað eftir Helgu Páley Friðbjófsdóttur (f. 1987). Í júlí 2021 fékk Listasafn Reykjanesbæjar rausnarlega gjöf frá Gunnhildi Þórðardóttur, starfandi listamanni, sem samanstendur af 15 skúlptúrum, 4 málverkum, og 7 grafíkverkum.

Gunnhildur er fædd og uppalin í Keflavík. Hún lauk tvíhliða BA námi í listasögu og fagurlistum frá Listaháskólanum í Cambridge árið 2003, MA í liststjórnnum frá sama háskóla árið 2006 og lauk viðbótardiplóma í listkennslu við LHÍ á haustönn 2019. Gunnhildur hefur haldið nokkrar einkasýningar meðal annars í Listasafni Reykjanesbæjar, Kirsuberjatrénu, í Suðsuðvestur, Flóru á Akureyri, í SÍM salnum, Slunkaríki, sal Íslenskrar grafíkur auk þess að taka þátt í samsýningum í Listasafni Íslands, Hafnarborg, Listasafni Reykjanesbæjar, Norræna húsinu, 002 gallerí og Tate Britain.

Serbneski listamaðurinn Igor Antic gaf Listasafni Reykjanesbæjar 6 verk af tilefni sýningarinnar Skrápur / SecondSkin. Sýningin stóð yfir frá 20. nóvember 2021 til 30. janúar 2022, en undirbúningur hennar átti sér langan aðdraganda þar









Þær hvíla  
heiðurs hjönn  
frá Ost-Indía hafi  
Balt-hazar & Ju-hanne  
töku kristni á Þingvöllum  
vöru á Alþingi tvö sumör  
hærdust vel gegn þund-  
Tyrkjanum all fjarre  
heima högum hvíl  
í Guðs friðe  
Amen

sem listasafnið framleiddi verkin í samstarfi við listamanninn. Þau samanstanda af 3 vídeóverkum, 1 þátttökuverki, 1 bókverki, 27 ljósmyndum og 3 innsetningum úr textíl, áli og gúmmíteygjum.

Igor Antic kannar ákveðinn hugtök í staðbundnum (e. site-specific) verkum, innan tiltekins samhengis sem getur verið pólitískt, efnahagslegt, menningarlegt og samfélagslegt. Verkin birtast í mismunandi miðlum, eins og ljósmyndum, myndböndum og innsetningum. Antic hefur haldið fjölmargar einkasýningar og verið valinn til þátttöku á samsýningar víðs vegar í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu. Þar á meðal hefur hann áður sýnt á Íslandi í Nýlistasafninu á sýningunni Polylogue 158 árið 1999. Antic var sýningarstjóri Values: 11th Biennial of Visual Arts í Pancevo, Serbíu, árið 2004. Hann nam myndlist á árunum 1984–1991, við Novi Sad Academy of Fine Arts, Serbíu, École Nationale Supérieure des Beaux-Arts, París, og Institut des Hautes Etudes en Arts Plastiques, París. Árið 1995 stofnaði hann Pokret Encounter Centre í Novi Sad, Serbíu, hreyfingu listamanna á stríðstímum. Antic hefur unnið til ýmissa verðlauna m.a. hlaut hann The Pollock-Krasner Foundation's Grant í New York árið 2000. Antic er fæddur í Novi Sad, Serbíu, hann býr og starfar í París.

Í kjölfar sýningarinnar á og í ; sem stóð yfir frá 20. febrúar til 21. mars 2021, keypti Listasafn Reykjanesbæjar tvö verk sem sérstaklega höfðu verið búin til fyrir sýningarsali listasafnsins.

Verkin eru skúlptúrin Sjóndeildarhringur I, 2021, eftir Björk Guðnadóttur og olúmálverkið Það þarf að ráða málara, 2021, eftir Helgu Páley Friðþjófsdóttur. Búið er að skrá þau í menningarsögulegt gagnasafn Sarps sem hefur að geyma verk í eigu allra safna á Íslandi.

Björk Guðnadóttir leitar víða fanga í listsköpun sinni og til þess notar hún ýmiskonar efnivið eins og léreft, ullargarn, plast, gifs og vax. Hún hefur haldið einkasýningar og verið valin til þess að taka þátt í mörgum samsýningum, bæði hér á landi og erlendis. Björk hefur hlotið fjölmarga styrki og verk eftir hana eru í eigu listasafna og safnara. Hún er meðlimur í myndhöggvarafélaginu í Reykjavík og Nýlistasafninu. Björk lauk MFA-gráðu frá Listaháskólanum í Umeå, Svíþjóð (Konsthögskolan Umeå universitet) árið 1999, stundaði nám við Listaakademiunni í Osló (Kunstakademiet i Oslo) 1994–1995 og var auk þess skiptinemi við Myndlista- og handiðaskólann 1995–1996. Hún nam einnig myndlist við fornámsdeild Atelier Hourdé Paris, 1993–1994 og klæðskurð við École Supérieure de la Mode Paris (ESMOD) 1991–1993. Björk býr og starfar í Reykjavík.

Helga Páley Friðþjófsdóttir hefur í verkum sínum notað teikningu, meðal annars til þess að kanna mörk miðilsins, bæði á pappír og í skúlptúr. Hún hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum, bæði hér á landi og erlendis. Helga var meðlimur í listamannarekna gallerí-

inu Kunstschlager í Reykjavík, 2014–2016. Hún hefur enn fremur tekið þátt í ýmsum verkefnum, eins og Frystiklefanum í Rífi og var liststjórnandi fjölþjóðlegu listahátíðarinnar Ærings. Helga útskrifaðist með diplóma úr Motion Creative í Hyper Island, Stokkhólmi, árið 2018 og lauk námi við myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2011. Samhliða myndlistinni hefur hún einnig unnið sem teiknari, bæði við myndskreytingar og hreyfimyndagerð (e. illustrator og animator). Helga býr og starfar í Reykjavík.

Á árinu 2021 var Helga Arnbjörg Pálsdóttir listfræðingur ráðin til starfa hjá Listasafni Reykjanesbæjar, bæði í gegnum vinnumarkaðsúræði og sem verkefnaráðinn starfsmaður, til að sinna skráningum hjá safninu. Styrkur frá Uppbyggingarsjóði fyrir árið 2021 gerði meðal annars þessa ráðningu mögulega.

142 nýskráningar voru skráðar í Sarp hjá Listasafni Reykjanesbæjar árið 2021 og fóru skráningar á tímabilinu frá 1335 upp í 1476. Allt sem skráð var árið 2021 eru ítarskáningar, þar sem rannsókn fór fram vegna hveirrar skráningar fyrir sig. Rannsókn vegna skráningar felur m.a. í sér að skráningar-aðili finnur út eigendasögu, hvar verkið hefur verið sýnt og í hvaða samhengi það var, umfjallanir um verkið, ártal o.s.frv.

Staða skráninga í febrúar 2021 eru 1476. Starfsmenn áætla að á árinu 2022 verði skráð 26 verk eftir Gunnhildi Þórðardóttur og 6 verk eftir Igor Antic.



#### 4.3 SKÁNINGAR 2021

Fjöldi	LRN	Aldur	Grein	Verkheiti	Listamaður
1	1336	2001	Gvassmyndir, ætingar	Nýtt ferðalag	Daði Guðbjörnsson
2	1337	1993	Gvassmyndir, ætingar	Paradísarfugl í París	Daði Guðbjörnsson
3	1338	1990	Gvassmyndir, ætingar	Verðtrygging	Daði Guðbjörnsson
4	1339	1991	Gvassmyndir, ætingar	Bláir indjárnar	Daði Guðbjörnsson
5	1340	2006	Gvassmyndir, ætingar	Góðir gæjar	Daði Guðbjörnsson
6	1341	1997	Gvassmyndir, ætingar	Veiði stjórnandi	Daði Guðbjörnsson
7	1342	1987	Ætingar	Á og í sjó	Daði Guðbjörnsson
8	1343	1998	Gvassmyndir, ætingar	Sól í heimsókn	Daði Guðbjörnsson
9	1344	1989	Gvassmyndir, þurrnálarmyndir	Rigningadagur	Daði Guðbjörnsson
10	1345	1991	Ætingar	Ást í könnu	Daði Guðbjörnsson
11	1346	1993	Gvassmyndir, ætingar	Gullfótur	Daði Guðbjörnsson
12	1347	2018	Gvassmyndir, ætingar	Hjörtun í húsinu	Daði Guðbjörnsson
13	1348	2017	Gvassmyndir, ætingar	Ævintýri í skóginum	Daði Guðbjörnsson
14	1349	1982	Ætingar	Tár	Daði Guðbjörnsson
15	1350	1995	Gvassmyndir, ætingar	Hamingju hamar	Daði Guðbjörnsson
16	1351	1992	Gvassmyndir, ætingar	Veiðibrella	Daði Guðbjörnsson
17	1352	1984	þurrnálarmyndir	Tví	Daði Guðbjörnsson
18	1353	1984	Steinþrykk	Pardus samband	Daði Guðbjörnsson
19	1354	1983	Steinþrykk	Gangari	Daði Guðbjörnsson
20	1355	1995	Ætingar	Ástarhreiður	Daði Guðbjörnsson
21	1356	1983	Ætingar	Á hjóli	Daði Guðbjörnsson
22	1357	1983	Ætingar	Veiðar	Daði Guðbjörnsson
23	1358	1983	Ætingar	Intellectual	Daði Guðbjörnsson
24	1359	1983	Ætingar	Gleði, peningar, fegurð	Daði Guðbjörnsson
25	1360	1983	Ætingar	Spa	Daði Guðbjörnsson
26	1361	2020	Gvassmyndir, ætingar	Kísi köttur	Daði Guðbjörnsson
27	1362	1986	þurrnálarmyndir	Konumynd	Daði Guðbjörnsson
28	1363	1983	Dúkristur, gvassmyndir	Hjarta 6	Daði Guðbjörnsson
29	1364	1983	Dúkristur, gvassmyndir	Hjarta 5	Daði Guðbjörnsson
30	1365	1983	Dúkristur, gvassmyndir	Hjarta 1	Daði Guðbjörnsson
31	1366	1983	Dúkristur, gvassmyndir	Hjarta 4	Daði Guðbjörnsson
32	1367	1983	Dúkristur, gvassmyndir	Hjarta 2	Daði Guðbjörnsson

33	1368	1983	Dúkristur, gvassmyndir	Hjarta 3	Daði Guðbjörnsson
34	1369	2020	Gvassmyndir, ætingar	Da dans	Daði Guðbjörnsson
35	1370	2016	Gvassmyndir, ætingar	Það vaxa blóm	Daði Guðbjörnsson
36	1371	2004	þurrnálarmyndir	Jing og jing	Daði Guðbjörnsson
37	1372	2000	Gvassmyndir, ætingar	Eldheitur hvalur	Daði Guðbjörnsson
38	1373	2015	Gvassmyndir, ætingar	Lífstréð	Daði Guðbjörnsson
39	1374	1982	Ætingar	Stefnumót	Daði Guðbjörnsson
40	1375	1988	Einþrykk	Móna týpa II	Daði Guðbjörnsson
41	1376	1984	Steinþrykk	Hugmyndahellirin	Daði Guðbjörnsson
42	1377	1985	Dúkristur	Talað við Piet	Daði Guðbjörnsson
43	1378	1992	Gvassmyndir, ætingar	Duló planta	Daði Guðbjörnsson
44	1379	2018	Gvassmyndir, ætingar	Skórinn með hjartað	Daði Guðbjörnsson
45	1380	1996	Tréristur	Veiði eðlið	Daði Guðbjörnsson
46	1381	1984	Steinþrykk	Stjörnubjart	Daði Guðbjörnsson
47	1382	1993	Gvassmyndir, ætingar	Sjávargull	Daði Guðbjörnsson
48	1383	1993	Gvassmyndir, ætingar	Án titils	Daði Guðbjörnsson
49	1384	1983	Tréristur	Riddari og	Daði Guðbjörnsson
50	1385	1985	Dúkristur	No art	Daði Guðbjörnsson
51	1386	1990	Ætingar	Sjónflug	Daði Guðbjörnsson
52	1387	1994	Gvassmyndir, ætingar	Eins og í Paradís	Daði Guðbjörnsson
53	1388	1999	Gvassmyndir, ætingar	Hin rétti tónn	Daði Guðbjörnsson
54	1389	1990	Gvassmyndir, ætingar	Húlladans	Daði Guðbjörnsson
55	1390	2010	Gvassmyndir, ætingar	Ávaxtakarfan	Daði Guðbjörnsson
56	1391	1985	Dúkristur	Jing og	Daði Guðbjörnsson
57	1392	1990	Gvassmyndir, ætingar	Gullin aungull	Daði Guðbjörnsson
58	1393	1989	Gvassmyndir, ætingar	Ný hárgreiðsla	Daði Guðbjörnsson
59	1394	1985	Dúkristur	Hlaðborð	Daði Guðbjörnsson
60	1395	1984	Steinþrykk	Hjón	Daði Guðbjörnsson
61	1396	1987	Gvassmyndir, þurrnálarmyndir	Eplavera	Daði Guðbjörnsson
62	1397	2010	Gvassmyndir, ætingar	Sjóferð	Daði Guðbjörnsson
63	1398	1985	Dúkristur	Art panther	Daði Guðbjörnsson
64	1399	1983	Tréristur	Grafík	Daði Guðbjörnsson
65	1400	1985	Dúkristur	Hrafnaspark	Daði Guðbjörnsson
66	1401	1985	þurrnálarmyndir	Ding, dang	Daði Guðbjörnsson
67	1402	1983	Tréristur	Með flautu	Daði Guðbjörnsson
68	1403	1983	Steinþrykk	Módel stúdía	Daði Guðbjörnsson
69	1404	1983	Ætingar	Skæri	Daði Guðbjörnsson
70	1405	1984	Steinþrykk	Teikning	Daði Guðbjörnsson
71	1406	1986	Gvassmyndir, þurrnálarmyndir	Sofandi draumur	Daði Guðbjörnsson
72	1407	1984	Steinþrykk	Hjálp	Daði Guðbjörnsson
73	1408	1984	Steinþrykk	Leit	Daði Guðbjörnsson
74	1409	2003	Gvassmyndir, ætingar	Svalur hvalur	Daði Guðbjörnsson
75	1410	1994	Dúkristur	Efasemdir Evu	Daði Guðbjörnsson

76	1411	1993	Gvassmyndir, ætingar	Spáð í stjörnum	Daði Guðbjörnsson
77	1412	1993	Gvassmyndir, ætingar	Atom ljóð	Daði Guðbjörnsson
78	1413	1993	Ætingar	Veiði tungl	Daði Guðbjörnsson
79	1414	1983	Offsetþrykk	Húsgangur II	Daði Guðbjörnsson
80	1415	1984	Steinþrykk	Mind werk	Daði Guðbjörnsson
81	1416	1992	Gvassmyndir, ætingar	Tón elskendur	Daði Guðbjörnsson
82	1417	2012	Gvassmyndir, ætingar	Í boltanum	Daði Guðbjörnsson
83	1418	2016	Gvassmyndir, ætingar	Heimilisfriður	Daði Guðbjörnsson
84	1419	1995	Dúkristur	Ástir síðasta hvalsins	Daði Guðbjörnsson
85	1420	1984	Steinþrykk	Átti að vera mynd	Daði Guðbjörnsson
86	1421	2005	Gvassmyndir, ætingar	Íslandssól	Daði Guðbjörnsson
87	1422	1984	Steinþrykk	Tveir þríhyrningar	Daði Guðbjörnsson
88	1423	1984	Þurrnálarmyndir	Tími	Daði Guðbjörnsson
89	1424	1986	Þurrnálarmyndir	Venus frá Nýló	Daði Guðbjörnsson
90	1425	1986	Steinþrykk	Listin fyrir listina	Daði Guðbjörnsson
91	1426	1997	Ætingar	Dagfars góður dýrlingur	Daði Guðbjörnsson
92	1427	1997	Ætingar	Dagfars góður dýrlingur	Daði Guðbjörnsson
93	1428	1978	Gvassmyndir, ætingar	Hvernig er venjuleg myndlist?	Daði Guðbjörnsson
94	1429	1987	Ætingar	Fjölmíðlun	Daði Guðbjörnsson
95	1430	1986	Dúkristur, einþrykk	Veiðiferð	Daði Guðbjörnsson
96	1431	1987	Einþrykk, gvassmyndir	i/8	Daði Guðbjörnsson
97	1432	2019	Háþrykk	Hárrétt blóm	Daði Guðbjörnsson
98	1433	1985	Akvatintur	Svona kona	Daði Guðbjörnsson
99	1434	2019	Háþrykk	Hjarta og sál hússins	Daði Guðbjörnsson
100	1435	1987	Einþrykk	Móna týpa	Daði Guðbjörnsson
101	1436	1988	Gvassmyndir, þurrnálarmyndir	Tungl og stjarna	Daði Guðbjörnsson
102	1437	1987	Gvassmyndir, ætingar	Gul minning	Daði Guðbjörnsson
103	1438	1979	Silkþrykk	Mynd	Daði Guðbjörnsson
104	1439	1979	Silkþrykk	Litur	Daði Guðbjörnsson
105	1440	1988	Gvassmyndir, ætingar	Gígja með augu	Daði Guðbjörnsson
106	1441	1988	Gvassmyndir, þurrnálarmyndir	Í sjónvarpinu	Daði Guðbjörnsson
107	1442	1988	Gvassmyndi, samklipp, ætingar	Undir bláhimni	Daði Guðbjörnsson
108	1443	1986	Gvassmyndir, þurrnálarmyndir	Undra-lands-lag	Daði Guðbjörnsson
109	1444	2016	Gvassmyndir, ætingar	Fjarðarhvalur	Daði Guðbjörnsson
110	1445	1989	Gvassmyndir, ætingar	Sjónlista	Daði Guðbjörnsson
111	1446	1990	Gvassmyndir, ætingar	Einmana einhyrningur	Daði Guðbjörnsson
112	1447	2009-2011	Málverk	Tónar morgnanna	Daði Guðbjörnsson

113	1448	2010	Gvassmyndir, ætingar	Ávaxtakarfa	Daði Guðbjörnsson
114	1449	1989	Ætingar	Ekki sjálfmynd	Daði Guðbjörnsson
115	1450	1990	Ætingar	Í sjó	Daði Guðbjörnsson
116	1451	1990	Gvassmyndir, ætingar	Stefnulaust stefnumót	Daði Guðbjörnsson
117	1452	1988	Gvassmyndir, ætingar	Skjaldarmerki	Daði Guðbjörnsson
118	1453	1988	Gvassmyndir, ætingar	Móna týpa II	Daði Guðbjörnsson
119	1454	1988	Gvassmyndir, ætingar	Beinlínis skakkt	Daði Guðbjörnsson
120	1455	1988	Gvassmyndir, ætingar	Eldskhugi	Daði Guðbjörnsson
121	1456	1990	Gvassmyndir, ætingar	Morgunroði	Daði Guðbjörnsson
122	1457	1985-1986	Dúkristur, grafísk hönnun, prentverk	Art panther	Daði Guðbjörnsson
123	1458	1980	Bókverk	A SAYS TO B 7 B SAYS TO C	Daði Guðbjörnsson
124	1459	1986	Bókverk	Konumyndir 1979-86	Daði Guðbjörnsson
125	1460	1982	Bókverk	Verslað með mannorð	Daði Guðbjörnsson, Steinþór Jóhannsson
126	1461	1984	Bókverk	Brunnurinn: Í ljóðaleit	Daði Guðbjörnsson, o.fl. listamenn
127	1462-1	1984	Bókverk	The book of birds and bees	Daði Guðbjörnsson
128	1462-2	1984	Bókverk	The book of birds and bees	Daði Guðbjörnsson
129	1463	1984	Bókverk	an angel flew by	Daði Guðbjörnsson, Kees Visser
130	1464	1984	Bókverk	Self Portretten	Daði Guðbjörnsson
131	1465	1984	Bókverk	Dóra	Daði Guðbjörnsson, Helgi Þ. Friðjónsson
132	1466	1983-1984	Bókverk	Lino	Daði Guðbjörnsson
133	1467	1982	Bókverk	The Rex Headed Master	Daði Guðbjörnsson, o.fl. listamenn
134	1468	1982	Bókverk	England Sheet Stylus	Daði Guðbjörnsson, Tumi Magnússon
135	1469	1982	Bókverk	London Kit Stylus Mask	Daði Guðbjörnsson, Helgi Þ. Friðjónsson
136	1470	1983	Bókverk	Fjallabók	Daði Guðbjörnsson
137	1471	1989	Blönduð tækni, fjölfeldi, grafík	Prójekt Grafík	Daði Guðbjörnsson, o.fl. listamenn
138	1472	1984	Blönduð tækni, fjölfeldi, grafík	Gangurinn / The Corridor 1984	Daði Guðbjörnsson, o.fl. listamenn
139	1473	1984-1986	Blönduð tækni, fjölfeldi, steinþrykk	6 Litho + Ein Auka Mynd	Daði Guðbjörnsson, o.fl. listamenn
140	1474	2014	Blönduð tækni, gjörningarheimild, málverk	A Camera Painting Event	Stephen Lárus Stephen
141	1475	2021	Gifsmyndir	Sjóndeildarhringur	Björk Guðnadóttir
142	1476	2021	Olíumálverk	Það þarf að ráða málara	Helga Páley Friðbjófsdóttir

### 4.3 HEIMILDAÖFLUN

Heimildaöflun fylgir öllum sýningunum í Listasafns Reykjanesbæjar. Upplýsingum um hvern einasta listamann sem þar sýnir er safnað saman og þær skráðar, s.s. menntun, yfirlit yfir allar sýningar og önnur störf sem viðkomandi hefur unnið í tengslum við myndlist. Öll verk á sýningunni eru ljósmynduð og skráð með heitum, stærð, hvenær unnin, úr hvaða efni o.fl. sem nauðsynlegt þykir að fylgi hverju verki. Þessar heimildir eru allar geymdar í skrámsafnsins. Heimildavinnu um myndlist og myndlistarmenn á Suðurnesjum sem hófst árið 2004 er haldið áfram og nýjar upplýsingar koma fram á hverju ári. Við skráningu safnkostsins á árinu komu einnig fram ýmsar nýjar upplýsingar sem ávallt eru settar jafn óðum í Sarp.

### 4.4 ÚTGEFNAR RANNSÓKNIR 2021 LISTASAFNS REYKJANESBÆJAR

Listfræðifélag Íslands, ákvað að gefa út grein Listasafns Reykjanesbæjar, um Björg Þorsteinsdóttur í tímaritið Myndlist á Íslandi. Greinina ritar Helga Arnbjörg Pálsdóttir, listfræðingur hjá Listasafni Reykjanesbæjar í tilefni opunar sýningar safnsins á gjöf aðstandenda listakonunnar til Listasafns Reykjanesbæjar.

Listfræðifélag Íslands, hefur einnig valið að senda grein Helgu Arnbjargar í tímarit listfræðinga á norðurlöndum, sem er samstarfsvettvangur Skandinavískra safna og sjálfstætt starfandi listfræðinga á norðurlöndum. Þannig verður grein Helgu sem skrifuð er fyrir Listasafn Reykjanesbæjar þýdd og aðgengileg um alla Skandinavíu.

## 5. SÝNINGASKRÁR LISTASAFNS REYKJANESBÆJAR 2021

### 5.1 Prentaðar sýningaskrár

- Gjöf Daða, er A4 umbrot og inniheldur 3 greinar eftir; Aðalstein Ingólfsson listfræðing, Helga Þorgils myndlistamann og Helgu Þórsdóttur safnstjóra. Bókin er 70 blaðsíður með fjölda litljósmynda sem teknar voru af Vigfúsi Birgissyni ljósmyndara.
- Tegundagreining, Steingrímur Eyfjörð, umbrotið er súper A4. Bókin er 74 blaðsíður og inniheldur 6 greinar eftir; Helgu Þórsdóttur safnstjóra, Aðalstein Ingólfsson listfræðing, Halldór Björn Runólfsson listfræðing og fyrrverandi safnstjóra Listasafns Íslands, Benedikt Hjartarson prófessor hjá Háskóla Íslands, Jón Bjarna Atlason þýðanda ásamt hugleiðingum listamannsins Steingríms Eyfjörð um eigin verk. Innsetning sýningarinnar var ljósmynduð fyrir útgáfu af Vigfúsi Birgissyni ljósmyndara.
- Skrápur/SecondSkin með verkum eftir Ráðhildi Ingadóttur og Igor Antic er A3 umbrot sett upp sem dagblað, sýningarskráin er 8 blaðsíður og með texta eftir Helgu Þórsdóttur safnstjóra og Igor Antic myndlistamann. Ljósmyndir eru eftir Vigfúsi Birgissyni ljósmyndara.

### 5.2 Rafrænar sýningarskrár

- Allar sýningar sem settar voru upp í sölum Listasafns Reykjanesbæjar eru gefnar út rafrænt hvort sem sýningunni hafi fylgt prentuð sýningarskrá eða ekki. Þær sýningar sem eingöngu fylgdi rafræn sýningaskrá voru:
- á og í ;, sýning Bjarkar Guðnadóttur, Helgu Páleyjar Friðbjófsdóttur og Yelenu Arakelow.

- BERSKJÖLDUÐ / UNARMED, sýning meistaranemanda í sýningagerð hjá Listaháskóla Íslands.
- Formheimur Bjargar Þorsteinsdóttur.
- FJÖLFELDI – HLUTFELDI – MARGFELDI, sýning MULTIS.
- 

### 5.3 Ljósritaðar sýningaskrár í A5 umbroti

- Á sjó, Pop-up sýning úr safneign Listasafns Reykjanesbæjar.
- Meira en þúsund orð, sýning Jönu Birtu Björnsdóttur, í samvinnu við List án landamæra.

## 6. SÝNINGAHALD

### 6.1 SÝNINGAR Sýningahald

hefur allt frá upphafi verið viðamikill liður í starfsemi Listasafns Reykjanesbæjar. Listasafnið hefur 2 fasta sýningar-sali í Duus Safnahúsum en samkomulag náðist um að Bátasalurinn yrði nýr sýningarsalur Listasafnsins til viðbótar við Listasal, frá og með ágúst 2020.

- 12 sýningar voru settar upp hjá Listasafni Reykjanesbæjar 2021
- 17. október 2020 – 30. janúar 2021. Gjöf Daða, Listasalur. Gjöf til Listasafns Reykjanesbæjar frá Daða Guðbjörnssyni – grafíkverk, bókverk og samvinnuöppur frá árunum 1978-2020. Listamaður: Daði Guðbjörnsson.
- 13. janúar – 9. febrúar 2021. Á sjó, Bátasalur. Pop-up sýning sem sett var upp í annað sinn vegna raskana á sýningarhaldi (Covid-19). Þemað var sjómennska, úr safneign Listasafns Reykjanesbæjar.
- 20. febrúar – 21. mars 2021. á og í ;, Listasalur og Bátasalur. Sýning séð út frá sjónarhorni mannlíkamans í





gegnum fjölbreytta miðla og samanstóð af nýjum verkum þriggja listamanna, sem sérstaklega voru búin til fyrir sali Listasafns Reykjanesbæjar. Sýningin var unnin í samstarfi við Dansverkstæðið. Listamenn: Björk Guðnadóttir, Helga Páley Friðþjófsdóttir og Yelena Arakelow.

- 28. mars – 25. apríl 2021. Berskjölduð / Unarmed, Listasalur og Bátasalur. Samsýning listamanna sem fanga á ólíkan hátt áskoranir og viðfangsefni í lífinu með eigin sjálfmynd og reynsluheim sem efnivið. Sýningin er verkefni meistar-anema í sýningagerð við Listaháskóla Íslands. Listamenn: Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Berglind Ágústsdóttir, Dýrfinna Benita, Egill Sæbjörnsson, Freyja Reynisdóttir, Hildur Ása Henrýsdóttir, María Sideleva, Melanie Ubaldo, Michael Richardt, Róska og Sara Björnsdóttir.
- 6. maí – 24. maí 2021. Listahátíð barna og ungmenna, Listasalur, Bátasalur og Bíósalur. Listahátíðin var haldin í fimmtánda sinn og samanstendur af fjölbreyttu listastarfi barna og ungmenna úr öllum leik- og grunnskólum Reykjanesbæjar ásamt nemendum af listnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
- 12. júní – 22. ágúst 2021. Tegundagreining, Steingrímur Eyfjörð, Listasalur og Bátasalur. Sýningin er sambland endurlits og nýrra verka sem unnin eru 2020-2021, sem koma saman í tilraun listamannsins til að skýra kveikjuna að myndsköpuninni. Verkin eru afmörkuð og staðsett með flokkunarkerfi: Hið ósnertanlega, Arfurinn, Heimur kvenna, Gagnrýni, Guðs eigið land, Kellingin, Decode og Comix. Listamaður: Steingrímur Eyfjörð.
- 12. júní – 11. júlí 2021. Sumarsýning, Bíósalur. Duus Safnahús og Listasafn Reykjanesbæjar buðu til samstarfs við fólk

sem ástundar myndlist og býr á Suðurnesjum. Fyrri myndlistarsýningin af tveimur var samsýning Jacek Karaczyn og Rakelar Steinþórsdóttur.

- 17. júlí – 22. ágúst 2021. Sumarsýning, Bíósalur. Duus Safnahús og Listasafn Reykjanesbæjar buðu til samstarfs við fólk sem ástundar myndlist og býr á Suðurnesjum. Seinni myndlistarsýningin af tveimur var samsýning Einar Lars Jónssonar (Larz) og Unnar Karlsdóttur.
- 2. september – 14. nóvember 2021. FJÖLFELDI – HLUFELDI – MARGFELDI, Listasalur. Á sýningunni er sjónum beint að verkum samtímalistamanna sem hafa til lengri eða skemmri tíma unnið að gerð fjölfelda, en listasafnið opnaði sýninguna í samvinnu við MULTIS sem sérhæfir sig í kynningu, útgáfu og sölu á fjölfeldum íslenskra samtímalistamanna. Listamenn: Einar Örn Benediktsson, Gjörninga-klúbburinn – Eirún Sigurðardóttir og Jóni Jónsdóttir, Guðjón Ketilsson, Hulda Vilhjálmisdóttir, Ingunn Fjóla Ingbórsdóttir, Ívar Valgarðsson, Jóna Hlíf Halldórsdóttir, Karlotta Blöndal, Magnús Helgason, Magnús Pálsson, Pétur Magnússon, Ragnheiður Gestsdóttir, Steingrímur Eyfjörð, Tumi Magnússon, Þór Sigurþórsson, Þórdís Jóhannesdóttir, Baldur Geir Bragason, Davíð Örn Halldórsson, Gabriela Friðriksdóttir, Guðmundur Thoroddsen, Kristín Eiríksdóttir, Logi Leo Gunnarsson, Helgi Þórsson, Lilja Birgisdóttir, Sara Riel, Sirra Sigrún Sigurðardóttir, Snorri Ásmundsson, Hulda Rós Guðnadóttir, Þórdís Erla Zoega.
- 2. september – 14. nóvember 2021. Formheimur Bjargar Þorsteinsdóttur, Bátasalur. Gjöf til Listasafns Reykjanesbæjar frá erfingjum Bjargar Þorsteinsdóttur. Sýningin samanstóð af akrýlmálverkum, olíukrítarteikningum og fjölda

grafíkverka víðsvegar af fimm áratuga löngum myndlistarferli, 105 myndverk sem safnið fékk afhent í maí 2020. Listamaður: Björg Þorsteinsdóttir.

- 29. október – 2. janúar 2022. Meira en þúsund orð, Bíósalur. Verkin vekja upp spurningar um mismunum og óréttlæti, enda eru þau hlaðin merkingum og margræðum, írónískum táknum. Sýningin var samstarfsverkefni Listasafns Reykjanesbæjar og Duus Safnahúsa við listahátíðina List án Landamæra. Listamaður: Jana Birta Björnsdóttir.
- 20. nóvember 2021 – 30. janúar 2022. Skrápur / SecondSkin, Listasalur og Bátasalur. Sýningin fjallar um flóttu og tilfærslur þjóða í heiminum. Nafnið Skrápur vísar í skjól sem líkaminn og hugurinn býr til sjálfur yfir tíma, fyrir utanaðkomandi áreiti. Listamenn: Ráðhildur Ingadóttir og Igor Antic.
- Sýning Steingríms Eyfjörð, Tegundagreining hjá Listasafni Reykjanesbæjar, er tilnefnd sem sýning ársins á Íslensku Myndlistarverðlaununum, fyrir árið 2021.
- 6.2 Umfjöllun fjölmiðla um sýningar Listasafns Reykjanesbæjar á árinu 2021.
- á og í ;, Víðsjá menningarþáttur Rás 1, fjallaði sýninguna og birti gagnrýni.
- Tegundagreining eftir Steingrím Eyfjörð; Morgunblaðið birti heilsíðuviðtal við listamanninn í tilefni sýningarinnar. Þátturinn sumarmál á Rás 1, bauð safnstjóra Listasafns Reykjanesbæjar, í viðtal að tilefni sýningar Steingríms. Þátturinn Sumarlandinn á RÚV tók viðtal við safnstjóra vegna sýningar Steingríms. Menningarþáttur RÚV, Menningin tók heilan þátt til að fjalla um sýningu Steingríms,

tekin voru viðtöl við; Benedikt Hjartason prófessor, Helgu Þórsdóttur safnstjóra og Steingrím Eyfjörð listamann.

- Skrápur / SecondSkin, fékk vandaða og ítarlega umfjöllun í Víðsjá menningarþætti á Rás 1.

## 7. VIÐBURÐIR OG LEIÐSAGNIR

Vinnustofur með listamanni voru í boði 22. febrúar – 5. mars frá 09:00-12:00 fyrir alla 10 leikskóla Reykjanesbæjar. Samtals voru þetta 30 vinnustofur, þar sem hver leikskóli fékk 3 tíma hver og voru börnin á aldrinum 3-6 ára en flestir leikskólarnir völdu að mæta með elstu leikskólakópum. Þór Sigurþórsson myndlistarmaður sá um vinnustofurnar, hann byrjaði á því að spjalla við börnin um vinnu listamanna og gekk með þau um sýninguna á og í ;. Þá vann Þór verkefni með börnunum þar sem þau bjuggu fyrst til skúlptúr öll saman (sem gat verið dýr samkvæmt þema) úr fundnum hlutum og síðan fékk hvert barn að búa til og lita sína eigin skopparakringlu. Dagur Jóhannsson kvikmyndatökumaður skrásetti og bjó til heimildamyndband, hver skóli fékk myndband um sína heimsókn til einkanota. Síðan voru heimsóknirnar allar klipptar saman í eitt stærra myndband sem var sýnt á Listahátíð barna og ungmenna, sem stóð yfir 6. – 24. maí 2021, í Listasal þar sem leikskólabörn sýndu verk sem unnin voru í leikskólastarfinu og var þemað dýr.

### 7.1 LEIÐSAGNIR

- Pöntuð leiðsögn um sýninguna Á sjó með sýningarstjóranum Helgu Arnbjörgu Pálsdóttur á safni.
- Leiðsögn um sýninguna á og í ; var haldin á safni og var Hlynur Helgason, lektor í listfræði fenginn til að ræða við listamennina, Björk Guðnadóttur, Helgu Páleyju Friðþjófs-

dóttur og Yelenu Arakelow, og koma með hugleiðingar varðandi sýninguna.

- Leiðsögn um sýninguna Berskjölduð / Unarmed með sýningarstjórunum Ara Alexander Ergis Magnússyni, Björk Hrafnadóttur og Völu Pálsdóttur fór fram með rafrænum hætti. Hópur úr 6. bekk í Heiðarskóla kom á sýninguna Berskjölduð / Unarmed, sérfræðingur á safni Helga Arnbjörgu Pálsdóttir tók á móti þeim.
- Pöntuð leiðsögn um sýninguna Tegundagreining með safnstjóra og sýningarstjóra Helgu Þórsdóttur fór fram á safni.
- Leiðsögn um sýninguna Formheimur Bjargar Þorsteinsdóttur með sýningarstjóranum Helgu Arnbjörgu Pálsdóttur var haldin þrisvar á safni.
- 7 hópar af ýmsum skólastigum úr Myllubakkaskóla komu á sýningarnar Formheimur Bjargar Þorsteinsdóttur og FJÖLFELDI – HLUTFELDI – MARGFELDI, sérfræðingur af safni Helga Arnbjörgu Pálsdóttir tók á móti þeim.
- Leiðsögn um sýninguna FJÖLFELDI – HLUTFELDI – MARGFELDI með sýningarstjórunum Ásdísi Spanó og Helgu Óskarsdóttur fór fram á safni. Listamannaspjall með þremur listamönnum af sýningunni Ívar Valgarðsson, Ragnheiður Gestsdóttir og Jóna Hlíf Halldórsdóttir fór fram á safni. Leiðsagnir um verk sýningarinnar með sýningarstjórunum fór fram með rafrænum hætti.
- Leiðsögn um sýninguna Meira en þúsund orð, Jana Birta Björnsdóttir var með listamannaspjall um einkasýningu sína á safni.
- Leiðsögn um sýninguna Skrápur, Ráðhildur Ingadóttur var með listamannaspjall um verk sín í Bátasal á safni.

Leiðsagnir um sýninguna með Ráðhildi Ingadóttur annars vegar og Igor Antic hins vegar fór fram með rafrænum hætti. Sjö heilir árgangar, 1-7 bekkur, úr Myllubakkaskóla komu á sýninguna Skrápur / SecondSkin, lðunn Jónsdóttir fræðslufulltrúi tók á móti þeim.

## 8. SAMSTARF LISTASAFNS REYKJANESBÆJAR Á ÁRINU 2021

- Listasafn Reykjanesbæjar, starfaði með Dansverkstæðinu að vali á listamanni úr þeirra röðum til þátttöku í sýningunni á og í ;. Dansverkstæðið - vinnustofur danshöfundu, var stofnað árið 2010 af hópi danshöfunda sem vildi bæta vinnuaðstöðu danslistafólks. Dansverkstæðið leigir æfingasal til sviðslistafólks; danslistafólks, leikhópa, óperuhópa og sirkuslistamanna. Yelena Arakelow, var valin fyrir hönd Dansverkstæðisins til þátttöku.
- Listasafn Reykjanesbæjar hóf samstarf við Listaháskóla Íslands árið 2021, nánar tiltekið meistaranám í sýningagerð, undir stjórn Hönnu Styrmsdóttur, prófessor í sýningagerð. Sýningagerð glímir við spurningar og viðfangsefni sem tengjast hlutverki listarinnar í ólíku samhengi og rýnir í sýningagerð sem listrænt ferli er tekst á við pólitíska, siðferðislega og umhverfistengda þætti, spurningar og áskoranir. Hér er ekki litið á sýningagerð sem grein er ein-skorðast við myndlist heldur leið til að stofna til samtals við önnur svið kunnáttu og sérfræðipækkningar.
- Listasafn Reykjanesbæjar bauð listamannarekna galleríinu MULTIS að setja upp sýningu í innri sal safnsins á september opnun safnsins. Á sýningunni FJÖLFELDI - HLUTFELDI - MARGFELDI er sjónum beint að verkum tuttugu og níu samtímalistamanna sem hafa til lengri eða skemmri tíma

unnið að gerð fjölfelda (e. Multiple). Til þess að listaverk geti fallið undir þá skilgreiningu, þurfa verkin að vera gerð í þremur eða fleiri eintökum.

- Listasafn Reykjanesbæjar á í góðu og miklu samstarfi við menningarfulltrúa Reykjanesbæjar, stærsta sameiginlega verkefnið er Listahátíð barna. Listahátíð barna og ungmenna í Reykjanesbæ var haldin í fimmtánda sinn í Duus safnahúsum þann 6. maí – 24. maí 2021. Listahátíðin samanstendur af fjölbreyttu listastarfi barna og ungmenna. Þátttakendur koma úr öllum leikskólum og grunnskólum Reykjanesbæjar ásamt nemendum af listnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
- Listasafn Reykjanesbæjar og menningarfulltrúi Reykjanesbæjar, tóku saman þátt í List án landamæra. Safnið bauð listakonunni Jönu Birtu Björnsdóttur að setja upp sýninguna Meira en þúsund orð, í bíósal Duus Safnhúsa.

## 9. RAFRÆN DAGSKRÁ Á SAMFÉLAGSMIÐLUM

### 9.1 VEFUR: REYKJANESBAER.IS/LISTASAFN

Á vefnum eru veittar upplýsingar um starfsemi safnsins með áherslu á sýningar og viðburði. Þar er að finna gott yfirlit yfir sýningar safnsins frá upphafi auk ýmissa hagnýtra upplýsinga. Slóðin er reykjanesbaer.is/listasafn.

### 9.2 LISTASAFN REYKJANESBÆJAR Á FACEBOOK

Samkvæmt upplýsingum frá Facebook voru fylgjendur Listasafns Reykjanesbæjar 1576, þann 1. janúar 2021. Fylgjendahópur safnsins óx jafnt og þétt yfir árið og við lok desembermánaðar árið 2021, voru fylgjendur orðnir um 1900. Þannig hefur safnið bætt við sig umtalsverðum hópi

fylgjenda á árinu 2021. Fylgjendur safnsins sjá alla nýja pósta frá safninu og eru því líklegir til að smella á efnið sem er framsett á síðu safnsins.

Tölfræði Facebook, sýnir að flest áhorf koma frá lífrænni dreifingu í gegnum fagsíður, eða um 54.2 %. Listasafn Reykjanesbæjar hefur aldrei keypt boost eða borgað fyrir auglýsingar á samfélagsmiðlum.

Listasafn Reykjanesbæjar gaf út 52 myndbönd árið 2021. Þau skiptast svona: Stuttar leiðsagnir 37, lengri viðtöl 5, frá opnun og uppsetningu sýninga 7, gjörningar í beinu streymi 3. Áhorf á myndbönd Listasafns Reykjanesbæjar voru samtals 14.404 sem horfðu lengur en 60 sekúndur.

## 9.3 INSTAGRAM, YOU TUBE OG AÐRIR SAMFÉLAGSMIÐLAR

Instagram-reikningur Listasafns Reykjanesbæjar fer vaxandi, safnið stofnaði nýjan reikning í júní árið 2020, þar sem ekki var hægt að nota eldri reikning safnsins. Fylgjendur safnsins á Instagram er ört vaxandi hópur og telur nú um 1000 fylgjendur samanborið við um 740 fylgjendur á árinu 2020. Hlaðvörp, hófust þann 11. september 2020, safnið hefur hlaðvarpsþætti á Spotify, iTunes og öllum símaforritum þar sem hægt er að hlusta á hlaðvörp. Fólk virðist horfa meira á viðtölin á YouTube, en hlustendum fer fjölgandi. Listasafn Reykjanesbæjar er einnig með You Tube rás, þar sem allt framleitt kvikmyndað efni safnsins er aðgengilegt á þessari slóð <https://www.youtube.com/channel/UCDgA-sULiFmeena6urQN8vQ>

## 10. HÚSNÆÐI, OPNUNARTÍMI, STARFSFÓLK OG GESTAFJÖLDI

### 10.1 HÚSNÆÐI OG OPNUNARTÍMI

Sýningasalir Listasafns Reykjanesbæjar eru staðsettir í Duus Safnahúsum, sem er menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar. Sýningarsalir listasafnsins eru Listasalur og Bátasalur. Einnig hefur safnið verið með sýningar í Bíósal sem einnig eru í Duus Safnahúsum. Opnunartími safnsins er alla daga frá 12.00-17.00. Þess utan er opið þegar þurfa þykir, bæði fyrr á morgnana og fram á kvöld.

Safngeymslur eru í Ramma, Seylubraut 1. En þar eru einnig skrifstofur Listasafns Reykjanesbæjar.

### 10.2 GESTAFJÖLDI

Síðastliðin tvö starfsár í Duus Safnahúsum hafa litaðist mjög af COVID-19 heimsfaraldrinum. Heildargestafjöldi ársins var 13.630 sem er 107% aukning frá árinu 2020 en þá voru gestir 6.581.

Leiða má að því líkum að aukning innlenda gesta sé vegna vaxandi hóp fólks úr Reykjavík sem fylgist vel með sýningum Listasafns Reykjanesbæjar og sækir nú þær sýningar jafn oft og sýningar annarra listasafna í nágrannasveitafélögum.

### Almennir gestir

Innlendir gestir á eigin vegum voru 8.936 sem er fjölgun frá fyrra ári þegar innlendir gestir voru 4.706. Ljósanætur 2021 og 2020 voru felldar niður bæði árin vegna COVID-19 heimsfaraldursins og mikilla samkomutakmarkana en þó voru opnaðar

nýjar sýningar á vegum Listasafns Reykjaneshæjar þessa helgi. Gestir helgarinnar voru 365, en árið 2020 voru gestir 270.

Erlendir ferðamenn á eigin vegum voru alls 2.019 en árið 2020 voru þeir 1.081.

Frítt var í Safnahúsin fyrri hluta árs en svo rukkað um aðgangseyri 1. september til áramóta.

Listasafn Reykjaneshæjar er ekki með rekstur Duus Safnhúsa

á sínum bókhaldslykli, fer því innkoma af miðasölu inn á sýningar safnsins til Menningarfulltrúa Reykjaneshæjar.

#### Heildargestafjöldi:

	2021	2020
<b>Heildargestafjöldi</b>	<b>13.630</b>	<b>6.581</b>
<b>Innlendir gestir</b>	<b>11.545</b>	<b>5.487</b>
<b>Erlendir</b>	<b>2.085</b>	<b>1094</b>
<b>Fjöldi innlendra hópa</b>	<b>21 (416 gestir)</b>	<b>14 (420 gestir)</b>
<b>Fjöldi erlendra hópa</b>	<b>6 (66 gestir)</b>	<b>2 (73 gestir)</b>
<b>Nemendur</b>	<b>1.906</b>	<b>550</b>

## 11. REKSTRARUPPGJÖR OG STYRKIR ÁRIÐ 2020

### 11.1 Styrkir

Listasafn Reykjaneshæjar, fékk eftirfarandi styrki á árinu 2021:

#### Safnasjóður:

Samstarfsverkefni við meistaranám í sýningagerð við Listaháskóla Íslands	e. Miðlun - sýning	800.000
Einkasýning Steingrims Eyfjörð, sumarsýning Listasafns Reykjaneshæjar.	e. Miðlun - sýning	1.500.000
Fullskráning „Gjöf Daða“ og lagfærning eldri skráninga	b. Skráning - almenn	2.000.000

b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	Þekkingamiðlun, símenntun.	295.000
a) Styrkur til stafrænna kynningarmála	Samtal við listheiminn.	300.000

#### Uppbyggingarsjóður Suðurnesja:

Rannsóknir á safneign Listasafns Reykjaneshæjar.	1.000.000.
--	------------

#### Myndlistarsjóður:

Skrápur/SecondSkin. Sýning.	2.000.000.
-----------------------------	------------

**Samtals voru styrkveitingar til Listasafns Reykjaneshæjar árið 2021, 7.895.000 ÍSK, Listasafn Reykjaneshæjar hefur aldrei áður fengið jafn mikinn stuðning úr opinberum samkeppnissjóðum og árið 2021**

**Kostnaður af rekstri Listasafns Reykjaneshæjar árið 2021, var 23.789.223 ÍSK sem fór fram úr áætlun um 1.789.223 ÍSK.**





Númer	Heiti	Rauntölur	Áætlun	Mismunur	%		
0500	MENNINGARMÁL	23.789.223	22.000.000	-1.789.223	108%	0	0%
05511	LISTA SAFN REYKJANE SBÆJAR	23.789.223	22.000.000	-1.789.223	108%	0	0%
05511-0620	Seldar vörurán vsk	-120.000	0	120.000	999%	0	0%
05511-0820	Framlag rikissjóðs	-595.000	0	595.000	999%	0	0%
05511-0860	Ýmsirstyrkir	-6.900.000	-5.000.000	1.900.000	138%	0	0%
05511-1110	Föstlaun	10.154.172	9.978.616	-175.556	102%	0	0%
05511-1205	Föst yfirvinna	20.165	0	-20.165	999%	0	0%
05511-1210	Yfirvinna -unnin	39.947	0	-39.947	999%	0	0%
05511-1215	Vaktaálag	17.744	0	-17.744	999%	0	0%
05511-1630	Orlofsuppbót	51.700	52.000	300	99%	0	0%
05511-1631	Desemberuppbót	121.700	120.000	-1.700	101%	0	0%
05511-1805	Launatengd gjöld	0	2.240.784	2.240.784	0%	0	0%
05511-1810	Tryggingargjald	715.686	0	-715.686	999%	0	0%
05511-1820	Lífeyrissjóður	1.212.410	0	-1.212.410	999%	0	0%
05511-1830	Stéttarfélagsgjöld	361.034	0	-361.034	999%	0	0%
05511-1960	Kaffistofa	7.770	60.000	52.230	13%	0	0%
05511-2030	Pappír, ritföng o.fl. 24% VSK	29.689	5.000	-24.689	594%	0	0%
05511-2920	Föndurvörur	0	30.000	30.000	0%	0	0%
05511-4010	Internetþjón./nettengingar	263.597	200.000	-63.597	132%	0	0%
05511-4050	Póstburðargjöld	0	20.000	20.000	0%	0	0%
05511-4070	Auglýsingar	175.440	70.000	-105.440	251%	0	0%
05511-4120	Aðkeyptur akstur	487.000	290.000	-197.000	168%	0	0%
05511-4142	Bílaígubílar	0	60.000	60.000	0%	0	0%
05511-4180	Bifreiðastyrkir	125.130	66.600	-58.530	188%	0	0%
05511-4210	Risna/gestamóttaka	189.450	700.000	510.550	27%	0	0%
05511-4240	Ferðakostnaður	50.827	200.000	149.173	25%	0	0%
05511-4280	Námskeið	40.000	100.000	60.000	40%	0	0%
05511-4380	Sérfræðiþjónusta VSK	3.200.347	1.000.000	-2.200.347	320%	0	0%
05511-4390	Aðkeypt sérfræðiþjón.	1.179.741	2.700.000	1.520.259	44%	0	0%
05511-4595	Sýningar	6.190.897	4.700.000	-1.490.897	132%	0	0%
05511-4605	Viðhald hugbúnaðar	591.030	0	-591.030	999%	0	0%
05511-4660	Viðhald áhaldna og innbús	671.899	1.380.000	708.101	49%	0	0%
05511-4790	Vátryggingaraðrar	276.260	92.000	-184.260	300%	0	0%
05511-4905	Prentun, fjölrítun o.fl.	1.322.618	600.000	-722.618	220%	0	0%
05511-4990	Önnur aðkeypt þjónusta	2.371.891	735.000	-1.636.891	323%	0	0%
05511-6280	Sorphirðu-gámþjón. (VSK)	8.184	0	-8.184	999%	0	0%
05511-7130	Dráttarvextir	4.983	0	-4.983	999%	0	0%
05511-7140	Bankakostn. & útskr.gj.	3.350	0	-3.350	999%	0	0%
05511-8510	Tæki og búnaður	1.089.687	900.000	-189.687	121%	0	0%
05511-8519	Listaverk	262.000	600.000	338.000	44%	0	0%



Númer	Heiti	Rauntölur	Áætlun	Mismunur	%		
0500	MENNINGARMÁL	23.789.223	22.000.000	-1.789.223	108%	0	0%
05511	LISTASAFN REYKJANESBÆJAR	23.789.223	22.000.000	-1.789.223	108%	0	0%
05511-0620	Seldar vörurán vsk	-120.000	0	120.000	999%	0	0%
05511-0820	Framlag ríkissjóðs	-595.000	0	595.000	999%	0	0%
05511-0860	Ýmsirstyrkir	-6.900.000	-5.000.000	1.900.000	138%	0	0%
05511-1110	Föst laun	10.154.172	9.978.616	-175.556	102%	0	0%
05511-1205	Föst yfirvinna	20.165	0	-20.165	999%	0	0%
05511-1210	Yfirvinna -unnin	39.947	0	-39.947	999%	0	0%
05511-1215	Vaktaálag	17.744	0	-17.744	999%	0	0%
05511-1630	Orlofsuppbót	51.700	52.000	300	99%	0	0%
05511-1631	Desemberuppbót	121.700	120.000	-1.700	101%	0	0%
05511-1805	Launatengd gjöld	0	2.240.784	2.240.784	0%	0	0%
05511-1810	Tryggingargjald	715.686	0	-715.686	999%	0	0%
05511-1820	Lífeyrissjóður	1.212.410	0	-1.212.410	999%	0	0%
05511-1830	Stéttarfélagsgjöld	361.034	0	-361.034	999%	0	0%
05511-1960	Kaffistofa	7.770	60.000	52.230	13%	0	0%
05511-2030	Pappír, ritföng o.fl. 24% VSK	29.689	5.000	-24.689	594%	0	0%
05511-2920	Föndurvörur	0	30.000	30.000	0%	0	0%
05511-4010	Internetþjón./nettengingar	263.597	200.000	-63.597	132%	0	0%
05511-4050	Póstburðargjöld	0	20.000	20.000	0%	0	0%
05511-4070	Auglýsingar	175.440	70.000	-105.440	251%	0	0%
05511-4120	Aðkeyptur akstur	487.000	290.000	-197.000	168%	0	0%
05511-4142	Bilaleigubílar	0	60.000	60.000	0%	0	0%
05511-4180	Bifreiðastyrkir	125.130	66.600	-58.530	188%	0	0%
05511-4210	Risna/gestamóttaka	189.450	700.000	510.550	27%	0	0%
05511-4240	Ferðakostnaður	50.827	200.000	149.173	25%	0	0%
05511-4280	Námskeið	40.000	100.000	60.000	40%	0	0%
05511-4380	Sérfræðiþjónusta VSK	3.200.347	1.000.000	-2.200.347	320%	0	0%
05511-4390	Aðkeypt sérfræðiþjón.	1.179.741	2.700.000	1.520.259	44%	0	0%
05511-4595	Sýningar	6.190.897	4.700.000	-1.490.897	132%	0	0%
05511-4605	Viðhald hugbúnaðar	591.030	0	-591.030	999%	0	0%
05511-4660	Viðhald áhaldna og innbús	671.899	1.380.000	708.101	49%	0	0%
05511-4790	Vátryggingaraðrar	276.260	92.000	-184.260	300%	0	0%
05511-4905	Prentun, fjölritun o.fl.	1.322.618	600.000	-722.618	220%	0	0%
05511-4990	Önnur aðkeypt þjónusta	2.371.891	735.000	-1.636.891	323%	0	0%
05511-6280	Sorþirðu-gámþjón. (VSK)	8.184	0	-8.184	999%	0	0%
05511-7130	Dráttarvextir	4.983	0	-4.983	999%	0	0%
05511-7140	Bankakostn. & útskr.gj.	3.350	0	-3.350	999%	0	0%
05511-8510	Tækisogbúnaður	1.089.687	900.000	-189.687	121%	0	0%
05511-8519	Listaverk	262.000	600.000	338.000	44%	0	0%
Númer	Heiti	Rauntölur	Áætlun	Mismunur	%		

## 11. LOKAORÐ

Listasafn Reykjanesbæjar er ungt safn, sem einungis hefur haft safnstjóra í fullu starfi sl. 2 ár. Fyrir liggja mörg verk-efni á næsta ári eins og geymslu og forvarnar mál, sem og breytingar í Duus Safnahúsum.

Listasafn Reykjanesbæjar hefur þó náð góðum árangri árið 2021 og er meðal annars tilnefnt með sýningu ársins, til Íslensku Myndlistarverðlaunanna, fyrir sýninguna Tegundagreiningu, eftir Steingrím Eyfjörð.

Rannsókn Helgu Arnbjargar Pálsdóttur, á ferli Bjargar Þorsteinsdóttur, var valin af Félagi Listfræðinga, til að vera sent í tímarit listfræðinga á norðurlöndum og er það mikill heiður fyrir Listasafn Reykjanesbæjar.

Grein Helgu Arnbjargar mun líka birtast í tímaritinu Myndlist á Íslandi, einnig mun umfjöllun um sýningu Steingríms Eyfjörð, Tegundagreiningu birtast í sama blaði.

Eins og fyrr segir var rafræn miðlun fyrirferðarmikil í starfsemi safnsins árið 2021 og var efni safnsins mjög vel tekið bæði frá þeim sem starfa í listum sem og fyrri fylgjendum safnsins. Rafræn dagskrá safnsins útheimtir mikla vinnu af hálfu starfsfólks, sem nú þarf að reka safnið bæði í raunheimum og á alnetinu, hér er því tvöfalt vinnuálag sem ekki hefði verið mögulegt nema af því safnið er með fastan hagstæðan samning við Dag Jóhannsson tæknimann. Hann hefur lokið námi við Kvikmyndaskóla Íslands og er það hon-

um að þakka hve fagmannlega myndefni safnsins er unnið, einnig hefur Dagur ekki sparað eigin tæki til vinnslunnar og er safnstjóri honum afar þakklát fyrir hans framlag.

Listasafn Reykjanesbæjar, réði Helgu Arnbjörgu Pálsdóttur, listfræðing tímabundið til starfa með atvinnuúræði og hefur hún haft veg og vanda að skráningum safnsins, allar nýskráningar safnsins eru full skráningar eða ítarskráningar með tilheyrandi rannsókn.

Sýningar Listasafns Reykjanesbæjar, hafa vakið mikla athygli fjölmiðla og hjá þeim sem fjalla um menningu á sl. ári, þannig fjallaði Menningin á RÚV um 1 sýningu á safninu og Víðsjá á RÚV kom í 2 heimsóknir ásamt því að nú er fjallað um sýningar safnsins hjá gagnrýnendum, Morgunblaðið fjallaði um sýningu Steingríms Eyfjörð, Tegundagreiningu ásamt heimsókn Sumarlandans á RÚV og viðtal hjá Sumarmálum á Rás 1 um sömu sýningu. Listasafn Reykjanesbæjar er afar þakklátt fyrir hina miklu athygli og viðbrögð sem það hefur fengið við sýningum og framlagi safnsins til listheimsins á árinu 2021 og mun það verða safninu hvatning til góðra verka áfram.

*Reykjanesbæ, 18. febrúar 2022*

*Helga Þórsdóttir*

*Safnstjóri Listasafns Reykjanesbæjar*





Listasafn Reykjanesejar  
<http://listasafn.reykjanesebaer.is/>  
Duusgötu 2-8, 230 Reykjanesebær